

Samningur um Evrópska efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 16/94
frá 28. október 1994

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94
frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EB frá 23. mars 1994 um samræmingu laga og
stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um merkingar efnis í aðalhlutum skófatnaðar sem á að
fara í smásöludreifingu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3d (ákvörðun ráðsins 93/465/EBE) í XIX. kafla II.
viðauka við samninginn:

„3e. 394 L 0011: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EB frá 23. mars 1994 um
samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um merkingar efnis í
aðalhlutum skófatnaðar sem á að fara í smásöludreifingu (Stjtið. EB L nr. 100, 19. 4.
1994, bls. 37).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér
segir:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbæturinn nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 37.

a) Í a-lið 1. liðar í I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „efri hluta“:

FI	Päällinen
IS	Efri hluti
N	Overdel
S	Ovandel

b) Í b-lið 1. liðar í I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „fóður og bindsóla“:

FI	Vuori ja sisäpohja
IS	Fóður og bindsóli
N	Fôr og bindsåle
S	Foder och bindsula

c) Í c-lið 1. liðar í I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „slitsóla“:

FI	Ulkopohja
IS	Slitsóli
N	Yttersåle
S	Slitsula

d) Í i-lið a-liðar í 2. lið I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „leður“:

FI	Nahka
IS	Leður
N	Lær
S	Läder

e) Í ii-lið a-liðar í 2. lið I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „húðað leður“:

FI	Pinnoitettu nahka
IS	Húðað leður
N	Belagt lær
S	Överdraget läder

f) Í b-lið 2. liðar í I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „náttúruleg textílefni og gervitextílefni, ofin eða óofin“:

FI	Tekstiilit
IS	Textílefni
N	Tekstilmaterialer
S	Textilmaterial

g) Í c-lið 2. liðar I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána um skriflegar upplýsingar varðandi „öll önnur efni“:

FI	Muut materiaalit
IS	Öll önnur efni
N	Andre materialer
S	Övriga material“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker